

Hákon Hansson
dýralæknir
760 Breiðdalsvík
hih@eldhorn.is

Breiðdalsvík 19. nóvember 2012

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Þingmál 283 - umsögn um frumvarp til laga um dýravelferð

Ég undirritaður, héraðsdýralæknir á Austfjörðum í 35 ár og nú starfandi þjónustudýralæknir tel að meginefni í ofangreindu frumvarpi sé til bóta frá þeim lögum um dýravernd sem nú eru í gildi.

Ég óska þó eftir að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Í grein 15, 3. málsgrein segir:

Við sársaukafulla aðgerð eða meðhöndlun skal ávallt deyfa eða svæfa dýr og veita því verkjastillandi meðhöndlun, nema við eyrnamörkun lamba og kíðlinga og geldingar grísa yngri en vikugamalla. Við geldingu grísa skal þó ávallt beita verkjastillandi lyfjagjöf.

Mér er ekki ljóst af hverju veita á afslátt og leyfa sársaukafullar aðgerðir án deyfingar. Væntanlega er hægt að ræða um hefð varðandi mörkun lamba, sem er þó vissulega sársaukafull aðgerð. Ef meiningin er að leyfa mörkun áfram án deyfingar legg ég til að sett verði tímamörk, þannig að öllum verði ljóst að breyting er ráðgerð, enda er skylda að auðkenna allt sauðfé með eyrnamerkjum, sú aðgerð er minniháttar og veldur ekki miklum sársauka.

Varðandi geldingar á grísum mótmæli ég því að veitt verði undanþága frá deyfingu á allt að vikugömlum grísum. Allir þeir sem hafa verið viðstaddir slíkar aðgerðir þekkja sársaukahljóðin sem grísir gefa frá sér við geldingu.

Verkjastillandi meðhöndlun eftirá er svona sambærileg við að saumað sé sár á manni án deyfingar, en honum svo gefið Magnyl eftirá. Ég hvet þingmenn til að íhuga þetta.

Jafnframt legg ég til að d liður 4. málsgreinar verði felldur út, gelding grísa er tvímælalaust læknisaðgerð sem dýralæknir á að framkvæma.

Flest Evrópulönd stefna að því að banna geldingar grísa á deyfingar og í sumum löndum er það bannað nú þegar.

2. Í 20. grein segir m.a.:

*„Óheimilt er að aflífa dýr með því að drekkja þeim, **nema um sé að ræða gildruveiði minka sem hluta af skipulögðum aðgerðum** til að halda minkastofninum í skefjum.“*

Mat undirritaðs er að ekki sé boðlegt að leyfa drekkingar dýra í lögum um dýravelferð. Sama um hvaða dýrategund er að ræða.

3. Ég fagna ákvæðum í 36. grein þar sem segir:

„Matvælastofnun er heimilt að svipta leyfishafa leyfi sem gefið er út skv. 11. eða 17. gr. verði hann ítrekað uppvís að því að vanrækja skyldur sem á honum hvíla samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum sem um reksturinn eða flutningana gilda eða brjóti hann að öðru leyti ítrekað gegn skilyrðum eða skilmálum leyfisins.“

Ég tel mikilvægt að þeir sem brotið hafa gegn núgildandi lögum fái ekki sjálfkrafa leyfi til áframhaldandi dýrahalds, heldur þurfi þeir að sækja um nýtt leyfi. Þetta er tillaga til að skerpa á eftirfarandi ákvæði í ákvæði til bráðabirgða: *Skilyrði er að ekki hafi verið gerð athugasemd við dýrahald viðkomandi aðila.*

Virðingarfyllst

Hákon Hansson

Hákon Hansson